

lega tiltekizt, að fyrir þeim hafi drepizt hestar á póstferðunum, þá er þetta nokkuð, sem 25
 ávallt má við búast að komi fyrir, og ráð fyrir því gjört, þegar samið er um borgunina 25. febr.
 fyrir póstferðirnar, og eru slík óhöpp því póstsjóðnum fullkomlega óviðkomandi, og það
 því fremur, sem ekki verður fyrir það tekið, að kenna megi hjer að nokkru leyti vangá
 hlutaðeiganda sjálfra um að hestarnir drápu. Jeg treystist því eigi til að veita þeim
 úr landssjóði hið umbeðna endurgjald eða skaðabætur fyrir tjón þeirra, og bið jeg yður
 tilkynna það hlutaðeigendum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um greiðslu 26
 fjárkláðakostnaðar. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlega umsögn yðar, herra amt- 26. febr.
 maður, í brjefi 17. sept. f. á., um kæru hreppsnefndarinnar í Helgastaðahreppi yfir úr-
 skurði yðar 27. maí f. á., er skyldar tjeða hreppsnefnd til að greiða úr hreppssjóði kostn-
 að samkvæmt tilskipunum 5. jan. 1866 og 4. marz 1871 við fjárskóðanir og niðurskurð
 á fje, útaf fjárkláða vorið 1884 í Helgastaðahreppi, að upphæð samtals 225 kr., skal yður
 hjermeð til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg fæ ekki betur sjeð, en
 að skilja beri svo ákvörðunina í 3. gr. tilskipunar 5. jan. 1866, um greiðslu kostnaðar
 þess, sem hjer um ræðir, að hann sje, einsog hreppsnefndin í Helgastaðahreppi heldur
 fram, óviðkomandi hreppssjóðnum, en *sýslumaður* á að jafna honum niður á alla fjár-
 eigendur í hverjum hrepp og heimta hann saman á manntalsþingum ásamt manntals-
 þingsrjöldunum, og þó að svo sje kveðið á í tilskipuninni, að niðurrjöfnun kostnaðarins
 á alla fjáreigendur í hverjum hreppi, eigi að gjöra «eptir reglum þeim, sem gilda um
 dýratolla», þá er það hvorttveggja, að með þessum reglum um dýratolla er átt við þær
 reglur, sem þá voru almennt gildandi, þegar tilskipunin kom út, enda gæti breyting á
 þessari *nánari* ákvörðun um niðurrjöfnunina, að hún átti að gjörast eptir reglunum um
 dýratolla, eigi haft í för með sjer breyting á þeirri aðalákvörðun um niðurrjöfnunina, að
 hún átti aðeins að snerta fjáreigendur í hreppnum sem slíka og að *sýslumaður* átti að
 innheimta kostnaðinn á manntalsþingum.

Jeg skal þessvegna þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að hlutast
 til um innheimtu optumgetins fjárkláðakostnaðar á þann hátt, er nú hefir sagt verið.

Brjef landshöfðingja um hallærislán handa Dalasýslu. — Með brjefi þessu var 27
 sýslunefndinni í Dalasýslu veitt 3000 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í sýsl- 27. febr.
 unni, þannig að lán þetta ávaxtist með 4% á ári og endurborgist með $\frac{1}{8}$ árlega á 8
 árum eða á þann hátt, er alþingi síðar kann að ákveða.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 28
 birtingu á framlagning skattaskráa o. fl. — Með þóknanlegu brjefi 19. jan. þ. á., 1. marz
 hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hjeraðslækni Guðmundi Guðmunds-
 syni, þarsem hann spyrst fyrir um:

- 1, hvort honum sje ekki heimilt, að bera upp kæru útaf tekjuskatti þeim, sem honum
 er gjört að greiða, þó hinn lögákveðni tími sje liðinn, þegar hlutaðeigandi skatta-
 nefnd hefur vanrækt að birta á kirkjufundi, hvar skattskráin liggi til sýnis; og
- 2, hvort skattanefndinni sje ekki skylt að láta honum í tje skýrslu um hvernig hún